

Fundargerð Háskólaráðs 19. mars 2014

Staðsetning: Guðmundarstofa 15.30

Mættir: Vilhjálmur Egilsson, Anna Elísabet Ólafsdóttir, Þorvaldur Jónsson, Ólafur Ísleifsson, María Einarsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Sigrún Lilja Einarsdóttir, Þórunn Unnur Birgisdóttir, Guðjón Freyr Gunnarsson, Tinna Jóhannsdóttir, Sigtryggur Arnþórsson og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Andrea Valgeirsdóttir og Jón Freyr Jóhannsson sem boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar
Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Erindi vegna verkefnaskila
Málið kynnt fundarmönnum. Erindi frá nemendum: áfrýjun niðurstöðu fagráðs. Óskað er eftir aukaverkefni í námskeiði vegna seinna skila sem komu til vegna veikinda. Umræður. Fundarmenn álitu m.a. að svona leyfi myndi verða fordæmisgefandi auk þess að vera ósanngjarnt gagnvart öðrum nemendum sem skiluðu öllum verkefnum samviskusamlega og á réttum tíma. Ábyrgðin talin liggja hjá nemendum sjálfum. Beiðni hafnað.
3. Trúnaðarmál – ekki birt á vef
4. Samstarfssamningur við KPMG
Skrifað undir samning 18.3.2014 milli Háskólans á Bifröst og KPMG. KPMG mun koma að kennslu, taka nemendur í starfsnám og leiðbeina nemendum í ritgerðum. Á móti mun Háskólinn á Bifröst bjóða KPMG uppá að gestakennarar muni halda fyrirlestur í höfuðstöðvum KPMG.
Ólafur Ísleifsson segir frá kennara við Háskóla í Amsterdam og möguleika þess að hann komi í heimsókn með fyrirlestur um Evrópumál.
5. Staða umsókna
Staðan er nokkuð góð. 86 umsóknir komnar, þar af 29 nýjar kennitölur. Á sama tíma í fyrra voru komnar 25 umsóknir. Það er baráttu að ná í nemendur. Markaðsherferðin er að fara af stað en við reynum líka að vera markvisst að hækka sýnileika skólans með alls konar fréttum o.fl. Allar jákvæðar fréttir af Bifröst bæta ímynd skólans. Mjög mikilvægt að halda vel utan um umsóknir og bregðast fljótt við umsóknum. Mikilvægt að sýna umsækjendum að við höfum áhuga á þeim og að við vinnum með einstaklinga en ekki kennitölur. Gott að virkja nemendur í að deila fréttum.
6. Gæðamál
Sett hefur verið á laggirnar Gæðaráð háskólanna og samstarfsnefnd háskólanna sem kölluð er ráðgjafanefnd gæðaráðs háskólanna. Starfið er unnið í 5 ára „sveiflum“ og byggist á því að skólarnir gera sjálfsmatskýrslur um skólann í heild og einnig einstök svið. Erlenda ráðgjafaráðið mun taka út skólann í mars 2015 á grundvelli þeirrar skýrslu sem verið er að vinna núna við skólann, (Innra mat stofnunarinnar). Vinnan er

komin vel af stað. Margir sem hafa komið að þeirri vinnu og margir sem þurfa að koma enn að þeirri vinnu. Verið er að vinna sjálfsmatsskýrslur innan sviðanna einnig. Ráðgjafarnefndin sem er vettvangur þar sem engin samkeppni er á milli skólanna. Í apríl verður ráðstefna á vegum nefndarinnar í Hannesarholti í Reykjavík sem ber yfirskriftina Gildi og gagnsemi gæðamats í háskólastarfi. Fundarmönnum kynnt þessi ráðstefna og látnir vita að þeir séu velkomnir að koma. Svólítið áhyggjuefni að úttektir innan sviðanna séu ekki nógu vel á veg komnar en framkvæmdastjóri gæðamála bendir á að stundum séu þó innra mats skýrslur tilbúnar áður. Gæðamálin eru samofin öllu starfi og geta nýst vel skólanum til að átta sig á hvað vel er gert og hvað má betur fara. Háskólinn á Bifröst síðastur í röðinni í þessari úttekt á eftir hinum Háskólunum.

7. Vinnuhópur um háskólamál í Borgarfirði

Þetta hefur fyrst og fremst snúist að Lbhí. Síðast þegar hópurinn hittist lá á borðinu sameiningartillaga milli Lbhí og HÍ og að jafnframt að það myndu fylgja sameiningu miklir fjármunir. Mikil andstaða var við þessa sameiningu innan sveitarfélagsins og ráðherra hefur blásið þessa sameiningu af. Barátta Lbhí hefur verið mikil og vegið hefur verið að skólanum í langan tíma. Fjárframlög helminguð á síðustu 6 árum. Þegar fallir var frá áformum um sameiningu þá fóru áður nefndir fjármunir með og staðan er því erfið og mikið starf framundan.

8. Þing Landssambands íslenskra stúdenta

Haldið á Bifröst 14.-16. mars 2014. Nemendur spurðir hvernig til tókst. Nemendur telja að þingið hafi tekist vel til og hinir skólarnir voru ánægðir með aðstöðuna. Gott hljóð í mönnum með aðstöðu og móttökuna. Formaður samtakanna kosinn á fundi.

9. Tímaritið Samtíð

Í tíð Ágústs Einarsson var sett af stað tímaritið Bifröst Journal of Social Science sem breytt var í Tímaritið Samtíð fyrir ekki löngu síðan. Það kostar Háskólann á Bifröst nokkuð að halda þessu úti. Tímaritið er fyrir ritrýndar greinar. Rannsakendur HB hafa ekki verið að nýta þetta nægilega vel. Umræða hefur verið um hvað eigi að gera með tímaritið og eftir framkvæmdastjórnarfund og kennarafund er niðurstaðan sú að gera skuli hlé á útgáfunni. Ian Watson hefur haldið utan um tímaritið og mun sjá um að ganga frá þessu en hægt er að taka vinnuna upp aftur. Staðan endurmetin síðar.

10. Skólafélag sveitarfélagsins

Sveitarfélagið hefur lagt í mikla vinnu varðandi stefnumörkun í skólamálum. Í Borgarbyggð eru ekki bara leiksskólar og grunnskólar heldur einnig menntaskóli og tveir háskólar. Rætt um að hægt verði að leita til Háskólans á Bifröst til að vinna að því hvernig tengja megi skólana inni samfélagið og þá sérstaklega þá skóla sem sveitarfélagið er að reka. Svo var einnig rætt um samstarfið milli leiksskóla og grunnskóla, í kjölfarið á því einnig hvernig samstarfið eigi að vera á milli grunnskóla og menntaskólans og að lokum samstarfið milli menntaskóla og háskóla.

11. Önnur mál

Met þátttaka í Gulleggju. Mikil ánægja með nemendur frá Bifröst. Áhugi er fyrir því að halda reunion í stjórninni á Bifröst. Frumkvöðlar ætla að útbúa frumkvöðlaherbergið á Bifröst betur strax eftir prófatörn í mars. Frumkvöðlar á Akranesi óskuðu eftir að fá frumkvöðla af Bifröst í heimsókn. Tveir nemendur fóru og

kynntu starfsseminna. Nemandi í Golfklúbbnum Bifröst lét nemendafulltrúa Háskólaráðs vita af því að nemandi gæti boðið sig fram í stjórn Golfklúbbsins Glanna. Mikil gerjun í frumkvöðlamálum í Borgarbyggð og Háskólinn á Bifröst þarf að skoða hvernig hægt er að tengja skólann við það sem er að gerast í þeim málum. Rektor segir frá hugmyndum að frumkvöðlasetri sem fyrirhugað er í Borgarnesi. Hugmynd um keppni á vesturlandi tengda nýsköpun í ferðaþjónustu með það að markmiði að tengja námið í viðskiptafræði með áherslu á ferðaþjónustu við raunveruleg verkefni.

Ábending kemur fram um að skólinn standi sig illa í að halda nemendum áfram í skólanum. Ná þeim sem ljúka grunnnámi í meistaranám. Varpað fram hugmyndum um hvernig halda mætti í nemendum og hvetja til áframhaldandi náms.

Ábending kemur fram varðandi nettengingu og sjónvarp á svæðinu. Mikilvægt að koma í lag. Pirringur í íbúum á svæðinu varðandi þetta. Veldur stressi við verkefnaskil o.fl. Endurnýja þarf ákveðinn búnað.

Fundi slitið kl. 17:20

Fundargerð samþykkt á fundi 11. apríl 2014